



## FRÉTTABRÉF

RITSTJÓRN: ÁSTA SÓL KRISTJÁNSDÓTTIR  
—HALLDÓR ÁRNASON (ÁBM.)

# ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA

16. FEBRÚAR 2012

1. TBL

### HALLDÓR ÁRNASON FORSETI ÞFÍ ÞJÓÐRÆKNISFÉLAGIÐ Á HUGARFLUGI

Stjórn Þjóðræknisfélagsins hefur ákveðið sérstakt átak í ár til að efla félagið. Hluti átaksins er að móta áherslur félagsins með eins konar „hugarflugsfundum“ sem standa fram að Þjóð-ræknisþingi sem verður haldið á Akureyri 26. ágúst n.k. Fyrsti áfangi þessa verkefnis verður kynntur á aðalfundi félagsins 11. apríl n.k. Stjórn félagsins sendir út með þessu fréttabréfi spurningar um starfsemi félagsins til allra félagsmanna. Spurningarnar verða einnig aðgengilegar á heimasíðu félagsins [www.inl.is](http://www.inl.is) og sendar í tölvupósti til



Forseti ÞFÍ, aðalræðismaður Íslands í Winnipeg og fv. forseti ÞFÍ á góðri stundu.

þeirra félagsmanna sem við höfum netfang hjá. Æskilegt væri að fá svör við spurningunum fyrir miðjan mars. Eftir það mun starfsnefnd á vegum félagsins vinna tillögur upp úr svörunum. Starfsnefndin mun búa til þrjá eða fjóra vinnuhópa til að vinna tillögurnar. Vinnuhóparnir kynna tillögurnar á aðalfundi félagsins 11. apríl n.k.

Eftir aðalfundinn mun stjórnin sem þá verður kosin fjalla um tillögurnar og skila framkvæmdaáætlun til Þjóðræknisþingsins í

ágúst. Stjórn félagsins heitir á alla félagsmenn að taka þátt í þessu átaki – þeim mun meiri þátttaka þeim mun líklegri er að félagið eflist að þrótti. Svörin getið þið sent á [astasol@snorri.is](mailto:astasol@snorri.is) eða í pósti, stílað á Þjóðræknisfélag Íslendinga, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík.

GREIDDU ÁRGJALDIÐ— ÞÚ  
GETUR ÁTT KOST Á FRÍU  
FLUGI MEÐ ICELANDAIR

ICELANDAIR



Með fréttabréfinu fylgir greiðsluseðill vegna árgjalds Þjóðræknisfélagsins fyrir árið 2012 að upphæð 2.500 kr. Þeir félagsmenn sem greiða árgjaldið fyrir 1. apríl n.k. fara í pott

þaðan sem dregið verður eitt nafn. Sá heppni eða sú heppna fær í boði Icelandair, eins helsta styrktaraðila ÞFÍ, ferð fyrir tvo til einhvers áfangastaðar Icelandair. Að auki eiga félagsmenn

kost á að skoða sýningar Vesturfararsetursins án endurgjalds. Greiddu því félagsgjaldið strax svo þú gleymir því ekki.

*Skoðaðu nýja  
heimasíðu ÞFÍ*

[www.inl.is](http://www.inl.is)

*Sendu okkur  
meðfylgjandi  
eyðublað til baka.*

*Þín þátttaka skiptir  
máli!*

#### EFNI

SNORRAVERK-  
EFNIÐ DAFNAR 2

NÝJAR  
HEIMASÍÐUR 2

ÞFÍ ÞING OG  
AÐALFUNDUR 2

SNORRI WEST  
ÆVINTÝRI 3

JÓNAS ÞÓR OG  
BENDAFAERÐIR 3

ÞING Á AKUR-  
EYRI 2012 3

KYNNINGAR-  
FUNDUR Á  
AKUREYRI 4

SÝNING HEIMILD-  
ARMYNDAR 4

ÞRÓUN  
ÍSLENSKRAR  
TÓNLISTAR 4

## SNORRAVERKEFNIÐ 2012 —DAFNAR SEM ALDREI FYRR



Michelle Delta Curtin  
frá Utah á Breiðafirði

Tuttugu umsóknir bárust til Snorraverkefnisins en umsóknarfrestur rann út 16. janúar síðastliðinn. Tekið verður á móti 14—16 ungmönnum og skýrist á næstu dögum hverjir það eru sem taka þátt. Umsækjendur dreifast um Norður-Ameríku og eru frá sex fylkjum Kanada og fjórum fylkjum Bandaríkjanna. Stúlkur sækja ávallt meira í verkefnið en

drengir og er það einnig svo að þessu sinni.

Lokað verður fyrir skráningu á Snorra-plús á næstu dögum en næstum fullt er í ferðina sem verður í ágúst— enda hafa þátttakendur verið einstaklega ánægðir.

Skrifað verður undir samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið á næstunni en aðrir bakhjarlar




Snorrar smakka hákarl

verkefnisins eru Icelandair (frá upphafi þess), Landsbankinn, Eimskip og Skipti. Verið er að leita að fleiri styrktaraðilum. Þeir sem vilja styrkja eða taka þátttakanda í starfsþjálfun í sumar eru beðnir að hafa samband við verkefnisstjóra.

## NÝJAR HEIMASÍÐUR

—BÆÐI ÞFÍ OG SNORRAVERKEFNIÐ GERA NÝJA SÍÐU




Nýja Snorra-síðan er mun fallegri og einfaldari

Tekin hefur verið í notkun ný heimasíða Þjóðræknisfélags Íslendinga [www.inl.is](http://www.inl.is) Með nýrri heimasíðu verður auðveldara en áður að setja fréttir inn á síðuna og möguleikar á myndefni verða meiri. Það verður keppikefli stjórnar ÞFÍ að félagsmenn geti aflað sér upplýsinga um starfsemi félagsins á síðunni og það sem er framundan hjá

félaginu. Þá verður leitast við að segja fréttir af atburðum í Norður-Ameríku þar sem fólk af íslenskum ættum kemur við sögu.

Snorra-heimasíðan var tekin í gagnið í desember síðastliðnum og eru verkefni þrjú sem bera Snorraheitið í fyrsta sinn undir einni síðu — [www.snorri.is](http://www.snorri.is) — Verið er að vinna í myndasíðum.



Frá Akureyrarvöku 2011

## MÆTIÐ Á ÞING ÞFÍ Á AKUREYRI!

Þjóðræknisþing ÞFÍ 2012 verður haldið á Akureyri sunnudaginn 26. ágúst n.k. Þingið verður haldið samtímis 150 ára kaupstaðarafmæli bæjarins. Nánar verður greint frá þinginu síðar.

## MÆTIÐ Á AÐALFUND ÞFÍ 11. APRÍL NK.

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga verður haldinn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu miðvikudaginn 11. apríl nk. og hefst kl. 16.15. Á dagskrá aðalfundarins eru

venjubundin aðalfundastörf, s.s. skýrsla stjórnar, reikningar lagðir fram og kosin stjórn fyrir félagið. Að venju verður flutt erindi tengt áherslum félagsins og mun það verða auglýst þegar nær dregur.

## SNORRI WEST—ÆVINTÝRI FYRIR UNGA ÍSLENDINGA

Í sumar gefst ungum Íslendingum á aldrinum 18-28 ára tækifæri á fjögurra vikna menningar- og ævintýraferð um slóðir íslensku landnemanna í Vesturheimi. Snorri West verkefnið hefur verið starfandi í Manitobafylki í Kanada frá árinu 2001 en gefst þáttendum nú einnig tækifæri til að ferðast um Íslendingaslóðir í Minnesota og Norður-Dakóta í Bandaríkjunum. Verkefnið er skipulagt af Þjóðræknisfélagi Íslendinga í Vesturheimi, Íslendingadeginum í Gimli, Snorrasjóði og Íslendingafélögunum í fyrrnefndum ríkjum. Flogið verður til Minneapolis 9. júlí þar sem að fulltrúar Íslendingafélagsins þar í borg taka á móti

ungmennunum. Að nokkrum dögum liðnum verður keyrt til Norður-Dakóta og ferðast um Íslendingabyggðir þar og kynnst sögu og menningu afkomenda landnemanna. Síðari hluti ferðarinnar fer fram í Manitobafylki í Kanada en þar eru fjölmennustu byggðir Vestur-Íslendinga. Þátttakendur munu búa hjá fjölskyldum af íslenskum ættum. Ferðin endar á Íslendingadeginum í Gimli. Það er samdóma álit þeirra ungmenna sem tekið hafa þátt í Snorra West að upplifunin sé ógleymanleg og að sterk vináttubönd hafi myndast við þær fjölskyldur þar sem þátttakendur hafa dvalist hjá. Komið er heim að

morgni 9. ágúst. Þátttökukostnaður er 2.200 kanadadollarar og er þá allt innifalið, þ.e. flug, ferðir, gisting og matur víðast hvar. Verkefnið er styrkt af Icelandic Festival of Manitoba, Canada Iceland Foundation og Guttormsson Family Foundation. Umsóknarfrestur er til 15. mars n.k. og er hægt að nálgast umsóknar-eyðublöð á vefnum [www.snorri.is](http://www.snorri.is) þar sem finna má frekari upplýsingar. Einnig er hægt að hafa samband við Ástu Sól Kristjánsdóttur verkefnisstjóra Snorra-verkefna á netfangið [astasol@snorri.is](mailto:astasol@snorri.is) og/eða Söruh Isliefson verkefnisstjóra vestra á netfangið [snorriwestna@yahoo.com](mailto:snorriwestna@yahoo.com)



Snorri West hópur í Gimli 2007.

## JÓNAS ÞÓR HEFUR STÖRF HJÁ BÆNDAFERÐUM

Í byrjun janúar 2012 var starfsemi Vesturheims sf. lögð niður og Jónas Þór gekk til liðs við Ferðabjónustu bænda. Halldór Árnason forseti ÞFÍ og Almar Grímsson fyrrv. forseti áttu fund með Sævari Skaptasyni framkvæmdastjóra FB í upphafi árs. Á fundinum voru einnig nokkrir lykilstarfsmenn fyrirtækisins, þar á meðal Jónas Þór.

Ferðabjónusta bænda hefur til fjölda ára, eða allt frá árinu 1974, skipulagt ferðir á slóðir íslenskra landnema í Vesturheimi. Má nefna að enn eru rómaðar ferðir undir leiðsögn Agnars Guðnasonar hér á árum áður. Gagnkvæmur áhugi er hjá ÞFÍ og fyrirtækinu um góða samvinnu sem geti komið félagsmönnum ÞFÍ til góða.

Ferðabjónusta bænda býður í sumar opnar ferðir á Íslendingadaga í Mountain og Gimli í byrjun ágúst og eldri borgara ferð til Minnesota, Norður-Dakóta og Manitoba 12.-16 ágúst. Skuldlausir félagar í Þjóðræknisfélaginu fá 5.000 kr. afslátt í þær ferðir. Næsta ár verða m.a. ferðir til Utah og Alaska.



Frá Gimli







Óðinsgötu 7  
101 Reykjavík

Sími: 534-0017  
Fax: 562-8296

Netfang: [astasol@snorri.is](mailto:astasol@snorri.is)  
Heimasíða: [www.inl.is](http://www.inl.is)

VILTU VERA Á PÓSTLISTA  
ÞFÍ?

SENDU POST Á  
[ASTASOL@SNORRI.IS](mailto:ASTASOL@SNORRI.IS)

FINNDU  
OKKUR Á facebook

## „Á SLÓÐUM VESTUR- ÍSLENDINGA Í MANITOBA“

KYNNINGARFUNDUR Á AKUREYRI  
24. MARS N.K.

Þjóðræknisfélagið og utanríkisráðuneytið munu halda kynningarfund í Amtbókasafninu á Akureyri laugardaginn 24. mars n.k. og hefst hann kl. 14.00. Atli Ásmundsson, aðalræðismaður Íslands í Winnipeg, mun halda erindi í máli og myndum sem hann kallar *Á slóðum Vestur-Íslendinga í Manitoba*. Atli hefur kynnst fjölda af áhugaverðu fólki af íslenskum ættum í Manitoba á þeim átta árum sem hann hefur starfað sem aðalræðismaður þar. Þá mun Halldór Árnason forseti ÞFÍ kynna starfsemi og hlutverk Þjóðræknisfélagsins. Á milli atriða mun listafólk koma fram. Fundargestum verður boðið upp á kaffi og meðlæti. Félagsmenn Þjóðræknisfélagsins og allir áhugasamir um tengsl við afkomendur Íslendinga í Kanada eru hvattir til að mæta.

### Leit Elínar Hirst að forfeðrum í Vesturheimi— Erindi og heimildarmyndin *Síðasta ferðin*

Þriðjudaginn 6. mars n.k. mun Elín Hirst fyrrverandi fréttastjóri Sjónvarpsins og fjölmiðlakona halda erindi á vegum Þjóðræknisfélags Íslendinga um gerð heimildarmyndar sinnar „Síðasta ferðin“ sem sýnd var á RÚV árið

2010. Ferðin fjallar um leit Elínar að forfeðrum sínum í Vesturheimi. Erindi Elínar verður haldið í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu og hefst kl. 16.30. Að því loknu

verður boðið upp á kaffi og kleinur. Síðan verður heimildarmyndin sýnd en hún tekur um 50 mínútur í sýningu. Félagsmenn ÞFÍ og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta. Aðgangur er ókeypis.



### ERINDI UM ÞRÓUN ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR Í VESTURHEIMI

Laugardaginn 25. febrúar n.k. heldur Bjarki Sveinbjörnsson erindi um heimildir sem hann hefur aflað um þróun íslenskrar tónlistar meðal Íslendinga í Vesturheimi og flytur tóndæmi. Erindi Bjarka verða haldin í Tónlistarsafni Íslands – gegnt Salnum í Kópavogi – og hefst kl. 14.00. Á undanföllum árum hefur Bjarki, ásamt félaga sínum Jóni Hrólfí

Sigurjónssyni, farið í nokkrar ferðir á slóðir Íslendinga í Kanada og Bandaríkjunum til að safna heimildum um sögu íslenskrar tónlistar og tónskálda af íslenskum ættum í Kanada. Í fyrra erindinu mun Bjarki fjalla um þessar rannsóknarferðir og leika brot úr fjölda viðtala sem tekin voru í þeim sem og gera grein fyrir heimildum sem safnast hafa. Í síðara erindinu – að loknu

kaffihléi – mun Bjarki fjalla um þróun tónlistar meðal Íslendinga í Vesturheimi, allt frá fyrstu tilraunum til tónsköpunar og fram yfir miðja 20. öldina. Félagsmenn ÞFÍ og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta og hlýða á mikinn fróðleik um íslenska menningu í Vesturheimi sem er ekki á allra vitorði. Aðgangur er ókeypis.



Bjarki Sveinbjörnsson við minnismerki um Íslendinga í Blaine, Washingtonfylki.